

Garðurinn & hellulagnir

Kynningar:
Garðþjónustan Lauflétt
Garðlist
BAUHAUS

FIMMTUDAGUR 27. APRÍL 2017



Rómuð fyrir mikil gæði

Vöruúrvalið í BAUHAUS er mjög mikið en meðal vinsælustu varanna þessa dagana eru pallaefnið frá Frøslev og hellurnar frá IBF. Viðskiptavinir BAUHAUS geta sótt stórar og þungar vörur í Drive-In timbursöluna. ➔2

Skemmtileg útfærsla í garðinum með hellum frá IBF.



Pallaefnið frá Frøslev býður upp á marga skemmtilega möguleika.



Skjólgirðingar frá Plus og pallaefni frá Frøslev mynda góða heild.



Hellurnar frá IBF henta vel íslenskum aðstæðum.

Murray sláttuvélar frá Hvell

Loksins eru gæða sláttuvélar aftur fáanlegar á Íslandi, allar vélar eru framleiddar í Evrópu með nýjustu umhverfsvænum gæðamótum frá Briggs og Stratton.

Heimilisvélin.

- Briggs & Stratton 450E Series 125cc OHV bensínmotor.
- Sláttubreidd 46 cm
- Afturkast með 60 l poka og möguleika á „Mulching“
- 6 hæðarstillingar, klippir 28 - 92 cm
- 18 cm hjól
- Tvær samþátta hæðarstillingar



Murray EQ400
Verð kr. 69.739,-

Fyrir atvinnumanninn og sveitarfélög.

- Briggs & Stratton 750EX Series 161cc DOV bensínmotor.
- Sláttubreidd 53 cm
- Sjálfkeyrandi drif 3.6 km/t.
- Afturkast með 70 l poka og „Mulching“ (hökkun)
- 6 hæðarstillingar, klippir 28 - 92 cm
- 20 og 28 cm hjól
- Ein samþátta hæðarstilling fyrir öll hjól.



Murray EQ700X
Ready Start
Verð kr. 117.097,-

HVELLUR

Hvellur • Smiðjuveg 30, 200 Kópavogur • www.hvellur.com • s: 577 6400
Opíð virka daga 9:00 - 18:00 og 12:00 - 16:00 á laugardögum.

Varist eftirlitlingar!!

Framhald af forsiðu →

Timbursalan í BAUHAUS býður upp á margar vörutegundir enda sækja þangað jafnt iðnaðarmenn sem einstaklingar til að nýta sér það góða vöruúrval sem BAUHAUS hefur upp á að bjóða, segir Bernhard Jóhannesson, starfsmaður timbursölu BAUHAUS. „Eins og margir vita er BAUHAUS þekkt um Evrópu fyrir sitt öflugna vöruúrval og er þar timbursalan Drive-In engin undantekning. Þar er hægt að fá t.d. tilbúna skjólgirðingar frá Plus í Danmörku, garðhýsi frá Luoman og rennur og alla fylgihluti frá Marley. Auk þess seljum við ýmsar gerðir af vatnasklæðningum og einstaklega flottan panil frá Peter-Holmeberg. Einnig bjóðum við upp á mikið úrval af pappa og þakefni. Pallaefnið frá Frøslev er þó vinsælast hjá okkur þessa dagana og hellurnar frá IBF.“

Geymt við bestu aðstæður

Bernhard segir pallaefnið frá BAUHAUS vera rómað fyrir mikil gæði sem sé kannski ekki skritið þar sem BAUHAUS hafi alltaf lagt mikið upp úr gæðunum á timbri. „Timbursalan býr yfir rakakerfi þannig að hægt er að geyma timbrið við bestu aðstæður. Auk þess er BAUHAUS í samstarfi við Frøslev þannig að 20 ára ábyrgð er á pallaefninu FT Premium. Þar sem efnið er gott hefur BAUHAUS viljað keyra á aðeins breiðari borðum (28x120) en áður tíðkaðist en okkur finnst það gefa sólpallinum veglegra útlit. Annars höfum við á lager flestar þær stærðir sem viðskiptavinum okkar dettur í hug að óska eftir þannig að listinn er langur.“

Flest pallaefni eru úr furu en þó eru aðrir möguleikar í stöðunni segir Bernhard. „Þar ber sérstaklega að nefna siberiulerkið en það hefur verið mjög vinsælt hjá okkur. Auk þess er hægt að velja á milli lerkis sem er rásað eða órásað. Rásaða siberiulerkið okkar er 28 mm þykkt og 145 mm breitt. BAUHAUS hefur einnig boðið upp á rásaða pallaefni úr Bankirai og svo veit ég til þess að skemmtilegar nýjungar munu koma með sumrinu.“

Gæðahellur frá IBF

Bernhard segir BAUHAUS vera stolt af því að geta boðið upp á hellur frá hinum vandaða framleiðanda IBF sem sé stór fram-



„Eins og margir vita er BAUHAUS þekkt um Evrópu fyrir sitt öflugna vöruúrval og þar er timbursalan Drive-In engin undantekning,“ segir Bernhard Jóhannesson, starfsmaður timbursölu BAUHAUS. MYND/GVA

leiðandi á hellum á Norðurlandamarkaði og raunar yfir. „Vönduð framleiðsla þeirra hefur verið þróuð í yfir hálfa öld þannig að við munum keppa að því að halda áfram að selja gæðahellurnar frá þeim. Þær hafa enda reynst gífurlega sterkar, sléttar og áferðargóðar. Ekki skemmir fyrir að við getum boðið hellurnar þeirra á afar hagstæðu verði.“

Einfalt kaupferli

BAUHAUS býður upp á flestallt vöruúrval IBF þar sem er að finna yfir 100 hellutegundir, að sögn Bernhards.

„Afgreiðslutíminn á sérþöndum hellum er óvenjulega stuttur að mínu mati. Hins vegar seljum við mest af vinsælustu hellum þeirra en þær eigum við á lager allt árið um kring. Sjón er sögu ríkari og ég hvet alla til að kíkja í heimsókn og skoða vöruúrvalið.“

Viðskiptavinir BAUHAUS geta sótt stórar og þungar vörur í Drive-In timbursöluna,

t.d. pallaefni og hellur. „Viðskiptavinur ekur bilnum inn, og kerrunni ef hún er með í för, beint að vörunum á lagersvæðinu. Starfsmenn okkar hjálpa að sjálfsgöðu við að finna réttu vörurnar og að koma þeim í bilinn eða á kerruna. Næst fylgir bílstjórnin örvunum að afgreiðslukassanum þar sem greitt er fyrir vörurnar áður en ekið er út aftur. Afar einfalt og þægilegt fyrirkomulag.“



SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR

Viðgerðir Skemmuvegur 34 Brún gata

SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS

Sími: 554 0661

Lauflétt garðþjónusta

Karel A. Ólafsson og Einar Kristinn Ívarsson reka garðþjónustuna Lauflétt. Þeir taka að sér öll garðverk og hellulagnir.

Við gerum allt sem viðkemur garðinum. Við gróðursetjum, tyrfum, smíðum palla og háþrýstipvöum. Hellulagnir eru okkar sérþing og við veitum fólki ráðgjöf um gróður og hellulögn,“ segir Einar Kristinn Ívarsson, en hann rekur garðþjónustuna Lauflétt ásamt Karel A. Ólafssyni.

„Við settum fyrirtækið á laggirnir í byrjun árs en við tveir höfum starfað saman við hellulagnir og garðvinnu í nokkur ár. Við vorum að helluleggja í allan vetur með stóru hellulagningarfyrirtæki að nafni Krafla ehf. og erum í einnig í samstarfi við fleiri fyrirtæki,“ útskýrir Karel. „Við tökum að okkur fjölbreytt verk, bæði stór og smá. Í dag erum við með fjóra starfsmenn en aukum við okkur og reiknum með að vera með minnst tíu manns í vinnu í sumar. Við eigum tæki og tól til allra verkefna og stefnum á að koma okkur einnig upp tækjabúnaði til vetrarþjónustu í vetur,“ segir Karel.

Hvernig gengur ferlið fyrir sig ef taka þarf garðinn í gegn?

„Fólk hringir einfaldlega í okkur og bókar tíma í skoðun á garð-

inum. Við röltum um garðinn með eigendum og förum yfir hvaða óskir fólk hefur, hvað hægt er að gera og veitum ráðgjöf í samræmi við það,“ útskýrir Einar. Hann segir að mörgu þurfi að huga að þegar taka á garðinn í gegn.

„Til dæmis þarf að skoða hvernig veður stendur á húsið og sólargangurinn, hvar er best að staðsetja pall, skjólveggi og hvað mega þeir vera háir, hvar er gott að vera með hekk, hvernig á að gróðursetja það og svo framvegis. Hellulögn er okkar sérþing og þar tökum við bæði að okkur minniháttar lagfæringar og hellulagnir á stórum svæðum. Úrvalið af hellum og steinum er mjög gott hér á landi og við erum með bæklinga frá Steypustöðinni og BM-Vallá til að sýna viðskiptavinum og förum vel yfir með fólki hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Við getum slegið á kostnaðinn við verkið á staðnum.“

Einar segir hellulögn geta verið talsverða framkvæmd. Vanda þurfi til verka og sérstaklega undirbúning.

„Það getur verið stór framkvæmd að helluleggja til dæmis bílastæði fyrir framan bílskúr. Ef



Karel A. Ólafsson og Einar Kristinn Ívarsson reka garðþjónustuna Lauflétt. Þeir sjá um allt sem viðkemur garðinum og sérhæfa sig í hellulögn. MYND/ERNIR

helluleggja á lítinn göngustíg er það minni framkvæmd en sama ferlið þarf þó í undirbúningsvinnuna. Það þarf að huga að mörgu, meðal annars að vatnshalli sé réttur svo vatn skili sér af hellunum svo nýtingin verði sem mest á planinu og ekki myndist pollar. Jarðvegurinn og undirvinnan

skipta mestu máli svo hellurnar fari ekki af stað og mikilvægt er að rétt sé staðið að jarðvegsskiptum undir hellulögn. Það þarf að vera að minnsta kosti 40 sentimetra lag af frostfríum jarðvegi áður en sandurinn fer ofan á og loks hellurnar. Það er sniðugt að vera með snjóbræðslu undir hellulögðum

bílastæðum og stéttum og við hjá Lauflétt erum í samstarfi við pipulagningameistara til 35 ára sem sérhæfir sig í slíkum lögnum. Besti tíminn til þess að helluleggja er frá apríl og fram í október. En ef fólk er með snjóbræðslu sem býið er að tengja er hægt að helluleggja um hávetur,“ segir Einar.

50.000.- INNEIGNARNÓTA

Klippid út auglýsinguna og inneignarnótan er þín

Gildir aðeins fyrir 30 fm. og stærra



LaufLétt

Garðþjónusta

S.788 8388

VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í HELLULÖGNUM

Ekki hika við að hafa samband og við komum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.

Litríkur gróður og gott skjól

Ásta Camilla Gylfadóttir landslagsarkitekt mælir með að fólk kynnist garðinum sínum vel áður en það ræðst í breytingar. Hún segir lítið mál að rækta ávaxtatré í góðu skjóli.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Ég mæli með að fólk kynnist garðinum sínum vel áður en farið er út í breytingar og upplifi allar árstíðir í honum. Þannig kemst fólk að því hvaða plöntur leyntast þar, eins og t.d. fjölæringar sem margir vita ekki af fyrr en þeir koma upp á vorin. Með þessu móti veit fólk nákvæmlega hvernig garðurinn er, hvernig það upplifir garðinn allan ársins hring, hvar gott er að njóta eftirmiðdagssólarinnar og hvernig rýmismyndun í garðinum er," segir Ásta Camilla, garðyrkjufraeðingur og landslagsarkitekt hjá VSO Ráðgjöf. Hún hefur langa reynslu af því að hanna garða og leiðbeina fólki við plöntuval.

Skipta garðinum í dvalarsvæði

Ásta Camilla segir gott að skipta stórum garði upp í minni einingar. „Ekki horfa á garðinn sem aðeins eitt rými, heldur mörg rými og hvernig hann er notaður. Hægt er að hugsa garðinn eins og t.d. skipulag íbúðar undir berum himni. Þannig er hægt að njóta hans sem best. Þá er honum skipt í dvalarsvæði til að njóta morgunsólar, annað svæði til að nýta um eftirmiðdaginn og svo eitt enn til að fá kvöldsólinna eða njóta sólarlaga ef svo ber undir. Sé fyrirhugað að setja upp leiktæki þarf að gæta fyllsta öryggis. Börn geta dottið úr leiktækjum og þá er gott að hafa gúmmimottu og grasflöt undir. Í garðinum getur líka verið svæði



Ef skjólið er gott er hægt að rækta nánast allt það sem hugurinn girnist, að sögn Ástu Camillu.



„Ég mæli með að fólk kynnist garðinum sínum vel áður en farið er út í breytingar og upplifi allar árstíðir í honum,“ segir Ásta Camilla.

fyrir fótbolta og þá er skynsamlegt að planta verðlaunarósarunnum þar víðsfjarri.“

Matjurtaræktun vinsæl

Vinsældir matjurtaræktunar hafa líklega aldrei verið meiri en nú og segir Ásta Camilla ótrúlega gaman að sjá hversu duglegt fólk er að rækta matjurtir í sínum eigin garði. „Margir taka gott pláss undir mat-

jurtaræktun en ekki þarf að leggja allan garðinn undir hana. Það er hægt að fá góða uppskeru á einum til tveimur fermetrum. Mér sýnist flestir rækta kryddjurtir og kál, radísur og gulrætur. Svo er gaman að sjá hversu margir nýta það sem berjarunnar gefa af sér. Margir eru farnir að rækta ávaxtatré og uppskera af þeim. Í garðrækt á Íslandi er mikilvægt að koma upp góðu


skjólí. Þess vegna ráðlegg ég fólki að byrja á að koma upp skjóli í nýjum gördum, annað hvort með víðihækki eða skjólveggjum. Ef skjólið er gott er hægt að rækta nánast allt það sem hugurinn girnist,“ segir hún.

Til að garðurinn sé sem fjölbreytilegastur og litríkastur þarf að hugsa um árstíðirnar í garðinum. „Þar getur fólk leikið sér út í hið

Ekki horfa á garðinn sem eitt rými, heldur hvernig hann er notaður. Hægt er að hugsa garðinn eins og skipulag íbúðar undir berum himni. Þannig er hægt að njóta hans sem best.



óendanlega með plöntuvali. Ef til stendur að koma sér upp garði eða breyta garði er gott að heimsækja Grasagarðinn í Laugardal eða Lystigarðinn á Akureyri á öllum árstímum til að fá hugmyndir og lista þær svo niður. Það er miklu skemmtilegra að það sé eitthvað í gangi allt árið og þegar eitt tekur við af öðru, lafin, litirnir, berin og blómin,“ segir Ásta Camilla.



Fjárfesting sem steinliggur

- Steinsteypa
- Mynstursteypa
- Graníthellur
- Viðhaldsefni
- Stoðveggjakerfi
- Múrkerfi
- Einingar
- Gólflausnir
- Garðlausnir

YFIR
20
TEGUNDIR
AF HELLUM

4 400 400

Hafðu samband í síma og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.



STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Smiðjuvegi
870 Vík

Berghólabraut 9
230 Reykjanesbær

Hrísmýri 8
800 Selfoss

Hringhelli 2
221 Hafnarfjörður

Malarhöfða 10
110 Reykjavík

Sími 4 400 400
www.steypustodin.is

Íslenska áburðarfjölskyldan

Góður alhliða áburður fyrir alla ræktun og uppgræðslu.
Áratuga reynsla og árangur.



Fræblöndur með
harðgerðum yrkjum
sem skila góðum
árangri



Fæst í verslunum
um land allt

Sendum um allt land
www.fodur.is



FÓÐURBLANDAN

Fóðurblandan - Korngörðum 12 - 104 Reykjavík - Sími 570 9800 - Fax 570 9801 - fodur@fodur.is - www.fodur.is



Það er allt til alls í fallega garðinum hennar Gullveigar.



Gullveig notar garðinn mjög mikið. Hér er hún ásamt barnabarni.



Tjörnin er skemmtileg með litlum gosbrunni.



Sérstök grillaðstaða er á efri palli.



Kristján í rauðvínshorninu. Hver vill ekki eiga svona kósi stað í garðinum?

Sælureitur allan ársins hring



**WACKER
NEUSON**

Jarðvegsþjoppur

Jarðvegsþjappa WP 2050A
HONDA besínsmótör, 50 cm vinnslubreidd
20kN, 98Hz, 100 kg

Jarðvegsþjappa DPS 1850
HATZ díeselmótör, 50 cm vinnslubreidd
28kN, 90Hz, 135 kg

Jarðvegsþjappa DPU 3060 HE-TS
HATZ díeselmótör, 60 cm vinnslubreidd
30kN, 90Hz, 215 kg

WACKER NEUSON umboðið á Íslandi



PÓR

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Gullveig Ósk Kristinsdóttir og eiginmaður hennar, Kristján Arnar Sveinsson, hafa útbúið sannkallaðan sælureit við hús sitt í Grafarvogi og nota hann mikið.

Elín
Albertsdóttir
elin@365.is



Gullveig segir að það sé alltaf logn og gott veður í garðinum. Þau hafa bætt við garðinn smám saman en húsið keyptu þau fókheilt árið 1999. „Við gerðum ekkert í garðinum fyrr en ári síðar þegar við vorum búin að átta okkur á hvernig við vildum hafa hann. Síðan höfum við verið að bæta við og breyta og erum enn að,“ segir hún. „Ég fór út í garð í upphafi, teiknaði upp hvernig ég vildi hafa umhverfið og síðan smíðaði Kristján eftir því sem ég bað hann. Í upphafi vorum við með meira gras en höfum smám saman verið að útrýma því fyrir hellum og tréþöllum. Það er miklu þægilegra að hafa garðinn svona.“

Gullveig er með græna fingur og dundar sér í beðunum en Kristján, sem er málarameistari, hefur séð um tréverkið. „Ég hef gaman af garðverkunum en vil þó ekki hafa of mikið af gróðri. Ég hannaði beðin þannig að ég þarf ekki að vera á fjórum fótum. Mér finnst óskaplega notalegt að vera á pallinum og við notum hann mjög mikið, höfum hannað pallana eftir því hvar sólin skín og getum sest niður á nokkrum stöðum. Morgunmatúrin er borðaður við eldhúsgluggann, sólbaðið er á miðjum palli og svo erum við með kósi horn fyrir kvöldsolina. Núna erum við að byggja glerhýsi á pallinum þar sem verður notalegt að vera þótt veðrið sé ekki upp á það besta. Við útbjuggum grillaðstöðu í einum enda garðsins sem er mjög þægilegt og síðan er sérstakt arinhorn sem við köllum rauðvínshornið,“ segir Gullveig.

Lítill tjörn er í garðinum og á Gullveig heidurinn af henni. „Ég



Fjölskyldan borðar úti nánast hverja helgi yfir sumartímann.



Lítið dúkkuhús er í garðinum en um jólin breytist það í jólahús.

Við höfum hannað pallana eftir því hvar sólin skín og getum sest niður á nokkrum stöðum eftir veðri. Við erum mikið úti á palli.

lagði dúk í holuna og bróðir minn hannaði litinn foss frá steini. Við fengum steinana í kringum tjörnina á Snæfellsnesi. Það voru gullfiskar í nokkur ár í tjörninni. Þeir lifðu af þrjá vetur með því að grafa sig ofan í sandinn á botninum. Ég hef ekki fengið mér fiska aftur,“ segir Gullveig.

Hún velur að hafa fjölarar plöntur sem þurfa ekki mikla umönnun. „Ég var alltaf að kaupa dýr sumarblóm sem síðan lifðu kannski ekki af sumarið. Ég gafst upp á því og finnst betra að hafa beðin þannig að þau þurfi litla umhirðu,“ segir hún. „Svo er ég með álfa og ýmsa skrautmuni sem lifga upp á umhverfið.“

Dætur Gullveigar og Kristjáns, kærastar þeirra og börn, koma oft í garðinn á sumrin og þá er glatt á hjalla. „Maður þarf ekki sumarbústað ef maður hefur svona góðan garð. Við borðum úti um nánast hverja helgi. Þegar glerhýsið er komið upp getum við notað garðinn allan ársins hring,“ segir Gullveig.

Tæki.is hafa jarðvinnuvélar í öll verk sem snúa að jarðvinnu, hvort sem er til einstaklinga heim í garðinn eða verktaka í stærri verk.

Við höfum áralanga reynslu í tækjaútleigu og erum sterkir þegar gott verk þarf að vinna, ásamt því að vera í fararbroddi í leigu á vinnulyftum í öllum stærðum, bæði skæra og spjótlyftum.

TÆKI.IS

Norðurhella 5 • 221 Hafnarfjörður • 565 3344



Viðhald garða í áskrift

Garðlist sér um alla garðvinnuna og viðhald garðsins svo hann haldist fallegur allt árið um kring.

Víð hjá Garðlist erum sérhæfð í allri viðhaldsþjónustu fyrir garða fyrir fólk og fyrirtæki, hvort sem um er að ræða garðslátt, garð- og beðahreinsanir, trjáklippingar, trjáfellingar, garðaúðun eða plöntun. Við hreinsum stéttir og sjáum um minni hellulagningarverkefni. Við sjáum um alla viðhaldsþjónustu sem snertir garða og oft er fólk í áskrift hjá okkur," segir Brynjar Kjærnested, framkvæmdastjóri Garðlistar og skruðgarðyrkjumeistari.

Tímavinna eða tilboð

„Við vinnum í tímavinnu eða gerum tilboð í verk. Best er að hafa samband, senda póst eða hringja og við leiðum fólk í gegnum þetta ferli. Við mælum með áskrift, t.d. í garðslátti. Þá komum við á 10, 14 eða 20 daga fresti og sláum garðinn. Grasflötin verður fallegri með reglulegum slætti og mosinn minnkar. Flestir kjósa að láta slá hjá sér á tveggja vikna fresti og sú þjónusta er ein sú vinsælasta hjá okkur. Margir bóka beðahreinsun í áskrift og þá komum við á því tímabili sem fólk óskar eftir en að meðaltali þrisvar yfir sumarið frá apríl og gerum svo hausthreinsun. Þetta auðveldar fólk svo sannarlega garðverkin og það þarf ekki að hafa mikið fyrir garðinum sínum," segir Brynjar.

Fagmennska og reynsla

Garðlist var stofnuð fyrir 28 árum og þar innihúss er mikil þekking og reynsla.

„Hjá Garðlist er fagmennska í fyrirrúmi. Hjá fyrirtækinu starfa tveir skruðgarðyrkjumeistarar og fjöldi annarra garðyrkjumanna, þannig að það er gríðarlega mikil þekking innan fyrirtækisins. Við bjóðum viðskiptavinum okkar góðar og einfaldar leiðir til að halda garðinum fallegum. Við hugsum hvert verk þannig að það sé hagkvæmt fyrir viðskiptavininn og að hann sé ánægður," upplýsir Brynjar.

Þá hefur fyrirtækið yfir að ráða góðum flota tækja til að þjónusta viðskiptavinum sína sem best, bæði yfir sumar- og vetrartímum.

„Hjá okkur starfa 35 manns allt árið og yfir sumarið um 100 manns. Á veturna sinnum við trjáklippingum, hreinsum lóðir fyrirtækja, mökum snjó og setjum upp jóla-seriur.“

Rétti tíminn

Brynjar minnir á að nú sé rétti tíminn til að huga að garðinum því gróðurinn verði kominn á fleygiferð innan fárra vikna. „Það styttest í sumarið. Eftir mánuð verða öll tré búin að laufgast og allt komið af stað," segir hann.

Spurður hvort nú sé rétti tíminn til að eittra, segir hann að svo sé.




„Við sjáum um alla viðhaldsþjónustu sem snertir garða og oft er fólk í áskrift hjá okkur," segir Brynjar Kjærnested, framkvæmdastjóri Garðlistar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Vorið er besti tíminn til að eittra fyrir maðki og lús. Núna í apríl og byrjun maí þarf að úða fyrir birkikemba en hún fór að verða til ama fyrir fimm árum. „Birkikemba fer inn í brumið á birkinu og verpir þar inni. Laufið verður síðan brúnt upp úr miðjum júní og þá er ekkert hægt að gera við þessari óværu. Þess vegna er gott að minna fólk á að láta úða fyrir þessu núna og hægt er að panta þá þjónustu hjá okkur.“

Garðlist sinnir ráðgjöf varðandi garða og gróður og það er alltaf hægt að hringja og tala við fagfólk okkar og fá góð ráð.

Nánari upplýsingar: www.gardlist.is



Núna er rétti tíminn til að huga að garðverkunum.



Garðlist sér um að halda garðinum fallegum allt árið.

Matjurtir þurfa mikla næringu

Jóhanna B. Magnúsdóttir heldur námskeið um matjurtarækt, sáningu og forræktun og hvernig rækta má ýmsar jurtir í kerjum. Hún segir næringarríkan jarðveg grundvallaratriði.

Ragnheiður Tryggvadóttir

heida@365.is



Matjurtir eru mjög þurfta-frekar plöntur og þurfa næringarríkan jarðveg og talsvert næringarríkari en er til dæmis í blómabeðum. Þegar undirbúa á beð á blettinum við húsið undir matjurtarækt er því ekki nóg að nota einungis moldina sem er þar fyrir," segir Jóhanna B. Magnúsdóttir garðyrkjufraeðingur spurð út í undirbúning matjurtararæktar heima við hús, en Jóhanna hefur áratuga reynslu af lífrænni ræktun og kennslu.

„Hægt er að kaupa mold, í kerru eða poka, tilbúna til matjurtaræktar með skeljasandi og meltu samanvið og einnig ætti að verða sér úti um hlass af hrossa- eða kindaskit til að blanda við. Þá er einnig gott að setja þangmjöl eða fiskmjöl sama við moldina og þeir sem safna lífrænum úrgangi í eldhúsinu ættu að nota hann í matjurtabeðið. Ég er sjálf ekki fyrir það

Ég er sjálf ekki fyrir það að nota tibúinn áburð í garðinum. Mér finnst sjálfsagt að vera með lífræna ræktun í heimagarðinum.

að nota tilbúinn áburð í garðinum. Mér finnst sjálfsagt að vera með lífræna ræktun í heimilisgarðinum," segir Jóhanna.

„Gott er að vera búinn að setja áburðinn í beðið og undirbúa jarðveginn, minnst einni en helst tveimur vikum, áður en plantað eða sáð er í beðið. Örvurnar ná þá að brjóta niður næringarefnin fyrir plönturnar. Forræktadar plöntur fara svo niður í beðið um mánaðamótin maí, júní og salati, spinati og radisum má sá beint út um svipað leyti. Hefja þarf forræktun á þeim matjurtum sem þurfa lengstan uppvaxartíma strax í mars en fyrir lok apríl sleppur til að sá fyrir kálplöntum,



Jóhanna B. Magnúsdóttir garðyrkjufraeðingur hefur áratuga reynslu af lífrænni ræktun. MYND/ERNIR

rófum, hnúðkáli, grænkáli og fleiru. En mörgum hentar að kaupa forræktad," segir Jóhanna.

„Vökva þarf duglega um leið og búið er að setja niður og ef jarðvegurinn var vel undirbúinn með talsverðu magni af lífrænum áburði þurfa plönturnar ekki aðra næringu en vatn. Hlíf eða dúk þarf

að setja yfir allt sem er af kálætt, vegna kálflugunnar og þarf dúkurinn að vera yfir fram til 10. júlí.“

Hvað þarf svo að gera?

„Sumarverkin snúast um að reyta arfa og vökva og ef þurr er í veðri þarf að vökva oft. Hvenær uppskerunnar er von fer síðan eftir því hvenær sett var niður og

hvernig tíðin er en aðaluppskerutíminn hefst upp úr miðjum júlí," útskýrir Jóhanna. Flestar matjurtir sé vel hægt að rækta á Íslandi.

„Harðgerðustu matjurtirnar eru rófur og grænkálið. Það þarf þó að vera mjög slæmt sumar til þess að maður fái ekki blómkál, brok-kólí eða steinselju til að vaxa.“

Vorið gengur í garð

Ert þú í framkvæmdahug?

Kastalasteinn



Áferðarfallegur hleðslusteinn sem býður upp á mikla fjölbreytni. Brotið yfirborð gefur hleðslunni virðuleika.

Arena



Hentar sérstaklega vel á verandir og palla. Hellurnar eru með áferð sem setur skemmtilegan svip á lögnina.

Veranda



Tvinnar saman stilhreinar útlínur og fjölbreytta litamöguleika þar sem hver hella er tilbrigði við sama stef.

**LANDSINS MESTA ÚRVAL AF
HELLUM OG GARÐEININGUM**



Þú getur treyst á gæðin og reynslumiklir sölumenn okkar aðstoða með ánægju í síma 412 5050 eða á sala@bmvalla.is



BM·VALLÁ

bmvalla.is

Vorverkin eru fram undan

Ræktaðu garðinn þinn – ókeypis garðyrkjuráðgjöf er vinsæll hópur á Facebook en þar skiptist fólk á garðyrkjuráðum. Stofnandinn er Vilmundur Hansen blaðamaður, garðyrkju- og grasafræðingur.

Sólveig
Gísladóttir
solveig@365.is



Ég stofnaði síðuna í apríl 2008. Þá var ég nýlega orðinn atvinnulaus í hruninu þar sem blaðið sem ég vann á varð gjaldþrota. Ég er garðyrkju- og grasafræðingur að mennt og hafði í gegnum árin skrifað fjölda greina um garðyrkju. Til að hafa eitthvað að gera í atvinnuleysinu ákvað ég að stofna þennan Facebook-hóp og hugsaði það sem góðan kost til að geyma þessar greinar mínar," segir Vilmundur og fljótlega fór fólk að tínast inn á síðuna. „Ég varð mjög hissa þegar talan fór yfir hundrað og missti andlitið þegar hún fór yfir þúsund," segir hann glettinn en í apríl síðastliðnum voru fylgjendur síðunnar orðnir 25 þúsund og stefna hraðbyri í 26 þúsund.

Aukinn áhugi á garðrækt

Vilmundur segist finna fyrir auknum áhuga á garðrækt en að áhuginn sé breytilegur. „Eftir hrúnið var til dæmis mikill áhugi á matjurtarækt en í dag er áhuginn almennari," segir hann og veltir fyrir sér hvort aukin hagsæld í þjóðfélaginu skýri áhugann. „Það hefur sýnt sig að þegar kreppir að fer garðurinn fyrr út af fjárhagsáætlun heimilisins en eldhúsinnréttingin.“

Hann segist einnig finna fyrir auknum áhuga hjá fólki að gera hlutina sjálf. „Ég býð upp á þá þjónustu að koma í garðinn til fólks og ráðleggja því um hvað megi betur fara og hef fengið talsvert af fyrirspurnum undanfarið.“



Vilmundur Hansen.

Spurningar árstíðabundnar

Vilmundur segir skemmtilegt hversu jákvæður andi ríki í hópunum. „Það eru allir til í að hjálpa og ráðleggja. Ef ég hef ekki tíma til að svara þá er bara einhver annar búinn að því enda mikið af reynslumiklu fólki á síðunni.“

En að hverju er fólk helst að spyrja? „Það er árstíðabundið. Undanfarið hafa verið spurningar um trjáklippingar, hvenær megi sá og fljótlega fer fólk að spyrja hvenær megi planta út í garð. Þegar nær dregur sumri er fólk að velta fyrir sér hvenær það megi setja niður matjurtir, hvenær megi bera á og slá og hvað eigi að gera við mosann. Einnig er vinsælt að ræða hvernig nota megi lífræn efni sem skordýravörn og losna við illgresi en fólk er orðið meðvitað um skaðsemi skordýra- og illgresiseiturs.“

Vorverkin biða

Þó enn falli snjókorð segir Vilmundur að tími vorverkanna í garðinum sé runninn upp. En hver eru þau helst? „Nú fer hver að verða síðastur ef ætlunin er að sá fyrir matjurtum og sumarblómum innandyra. Nú er líka síðasti séns að klippa tré og runna. Svo má fara



Nú er allra síðasti séns að klippa runna fyrir sumarið. NORDICPHOTOS/GETTY

að huga að því að hreinsa beðin og finna til verkfærin. Nú er líka akkúrat tíminn fyrir vorlauka fyrir þá sem ætla út í slíkt fineri.“

Garður er lifandi fyrirbæri

Er hægt að sleppa auðveldlega frá garðverkunum? „Nei, ekki nema að fá sér garðyrkjumann," svarar Vilmundur glaðlega. „Ég segi alltaf við fólk að það sé ekkert til sem heiti viðhaldsfrír garður. Auðvitað eru til viðhaldsminni garðar en þeir eru heldur ekki eins glæsilegir

og þessir gróskumiklu. Garður er lifandi fyrirbæri sem er alltaf í vexti og ef þú vilt fallegan garð þarftu að bera á hann áburð, þá eykst vöxturinn sem leiðir til enn frekari garðverka.“

Endurnýjun trjáa í gömlum hverfum

Að lokum vill Vilmundur benda íbúum í gömlum og grónum hverfum á borð við Vesturbæinn, Norðurmýri og Hlíðarnar á að huga að trjánum í gördum sínum.

„Mörg þessara trjáa eru orðin gömul og því tímabært að kíkja á hvort ekki þurfi að setja tré inn á milli sem taki við þegar hin eru komin á aldur, því ekki viljum við enda uppi með trjálaus hverfi eftir nokkur ár," segir Vilmundur. Hann segir misjafnt hversu gömul tré geti orðið. Sumir runnar verði aðeins tuttugu ára meðan furur geti náð ríflega 4.000 ára aldri. Algengustu garðtrén á Íslandi séu hins vegar reynir og birki og þau verði ekki nema 80 til 100 ára.



SÍBERÍULERKI

- Aldrei að bera á

Í kjarnvið síberíulerkis er náttúruleg fúavörn. Því þarf aldrei að bera fúavörn á viðinn. Viðurinn er sterkur, endingagóður og þolir afar vel íslenska veðráttu.

Veggklæðningar og pallaefni

Áratuga reynsla, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta eru okkar aðalsmerki.

Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur garðinum þínum.
Hafið samband og leitið tilboða.

www.garda.is



okkar þjónusta

- HELLULAGNIR
- HLEÐSLUR
- PALLASMÍÐI
- JARÐVEGSSVINNA
- JARÐVINNA
- ÞÖKULAGNIR & PLÖNTUN
- GARÐSLÁTTUR
- BEÐAHREINSUN
- TRJÁKLIPPINGAR
- TRJÁFELLINGAR
- GARÐAÚÐUN & EITRUN
- SNIÓMOKSTUR & HÁLKUEYÐING

um okkur

Við hjá Garðapjónustu Íslands tökum að okkur flest öll þau verk sem tengjast lóðaframkvæmdum, garðaumönnun og garðyrkju. Þessi listi er vissulega ekki tæmandi yfir þau verk sem við tökum að okkur.



Hjörleifur Björnsson
S: 844 6547
hjorleifur@garda.is


**GARÐAPJÓNUSTA
ÍSLANDS**
- alhliða garðapjónusta

Róbert Bjargarson
S: 866 9767
robert@garda.is

www.garda.is

garda@garda.is

www.garda.is

garda@garda.is



Hér er ýmist hægt að nota gamlan stól eða koll. Sagið gat í sessuna og stingið blómapotti ofan í. Gætið þess að gætið verði ekki of vitt. Veljið blóm sem eru mikil um sig og fela pottinn.

Persónulegri ásýnd

Þegar búið er að snyrta garðinn eftir veturinn er hægt að fara að dedúa, gera fint og stinga niður blómum. Það er ekki endilega nauðsynlegt að fjárfesta í fjölda blómapotta og kera. Það má allt eins endurnýta það sem hendi er næst. Má þar nefna gömul reidhjul með körfu, gamla stóla eða kolla og stígvél eða skó sem hættir eru í notkun. Það er ótrúlegt hvað slíkir munir lyfta ásýnd garðsins og gera hana persónulegri.



Hjólíð má skorða í grasflötina og fylla körfuna með fallegum sumarblómum.



Falleg lýsing er ekki aðeins til þrýði í gördum heldur getur hún líka haft fælandi áhrif á óboðna gesti.

Ekki gleyma lýsingunni

Margir leggja mikið upp úr fallegum garði en hvort sem garðurinn er lítill eða stór er mikilvægt að hann sé vel lýstur, ekki sist yfir vetrartímann. Garðurinn getur verið framlenging á húsnæðinu og góð lýsing hvetur til þess að hann sé meira notaður. Stór og falleg tré sem eru vel lýst geta verið eins og listaverk í garðinum og þannig er hægt að njóta þeirra þegar horft er út í garðinn. Góð lýsing er líka nauðsynlegt upp á öryggi. Margir eldri garðar eru lokaðir og auðvelt fyrir óboðna gesti að lauma sér inn án þess að nágarnar taki eftir því. Ef lýsing er þannig hönnuð að það kvikni á ljósum við hreyfingu minnkar hættan á slíkum heimsóknum. Hægt er að velja úr fjölda fallegra ljósa í rafvörverslun og skynsamlegt er að hafa þetta í huga þegar garðurinn er hannaður eða þegar honum er breytt.

Hvítlaukur með rósum

Það er fallett að hafa rósir í garðinum. Þegar þær eru við það að springa út má taka þær inn og setja í vasa til að fegra umhverfið. Enginn vill fá óværu með rósunum inn í húsið né heldur nota eitrefni til varnar þeim. Samkvæmt ráði sem við fundum á sænska vefmiðlinum expressen.se er hvítlaukur einfalt og gott ráð.

Hvítlaukur dugur vel til að

halda skaðvöldum í burtu frá rósunum. Það eina sem þarf að gera er að planta hvítlauk við hlið rósanna. Þetta gæti hljómað undarlega en staðreyndin er sú að þetta virkar. Hvítlaukurinn eykur líka ilm rósanna og gerir hann sterkari.

Þetta er algjörlega skaðlaus vörn sem gerir það að verkum að rósirnar blómstra sem aldrei fyrr.



Vorverkin

LÍFRÆN RÆKTUN OG HEFÐBUNDIN
 ·
 SKIPTIRÆKTUN
 ·
 SJÁLFBÆRNI
 ·
 SÁNING
 ·
 MOLD
 ·
 ÁBURÐUR OG MOLTUGERÐ
 ·
 RÆKTUNARSTAÐIR
 ·
 GEYMSLUAÐFERÐIR
 ·
 NÆRINGARFRÆÐI
 ·
 UPPSKRIFTIR

Bella Linde
Lena Granefelt

GARÐRÆKT

Í SÁTT VIÐ UMHVERFIÐ

matjurtir · ávextir · kryddjurtir

Viltu rækta þínar eigin matjurtir og jafnframt leggja þitt af mörkum til umhverfisverndar? Það þarf ekki heila landareign til að rækta, lítill garður getur líka gefið mikið af sér.

SÁNING OG UMHIRÐA TÓLF ALGENGRA KRYDDJURTA
 ·
 FJÖLBREYTTAR AÐFERÐIR TIL AÐ ÞURKA, FRYSTA OG GEYMA
 ·
 FJÖLDI UPPSKRIFTA OG HUGMYNDA AÐ NÝTINGU

Heilbrigði trjágróðurs er aðgengileg og gagnleg handbók, ætluð þeim sem rækta tré sér til ánægju og nytja og öðrum sem hafa áhuga á náttúru Íslands.

HEILBRIGÐI TRJÁGRÓÐURS
Skuldbær og vaxandi gegn þér

ABUR RAFNSDÓTTIR
Kryddjurta rækt
Því þessum

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39